ERLENT

Japan nútímans

GLUNDROÐI Momoyama-tímabilsins (1573–1615) í Japan er bakgrunnur sýningarinnar Turning Point: Oribe and the Arts of 16th-Century Japan eða Vendipunktur: Oribe og listirnar í Japan á 16. öld, sem nú má finna í Metropolitan-safninu í New York. Áherslur sýningarinnar eru vandlega úthugsaðar, en Momoyama-tíminn var tímabil þar sem stríðsherrar brenndu borgir jafnframt því að stunda blóma-skreytingar og keisarar áttu samneyti við nýríka kaupmenn. Hættulegir og metnaðarfullir sveimhugar reikuðu um stræti og vestrænir siðir og varningur voru boðnir velkomnir, m.a. biblíur, byssur og gull.



Brot úr japönskum skermi.

Hvað listina varðar hafði þetta í för með sér að það sem áður var talið til lágmenningar hækkaði í metum, hið ljóta varð fallegt og nýjungar voru metnar umfram allt annað. Japan nútímans leit dagsins ljós.

Þessum glundroða ná skipuleggjendur sýningarinnar vel fram og er athygli sýningargesta m.a. sérstaklega beint að meðalstórum munum. Það fer lítið fyrir geðshræringunni sem öllum þessum breytingum hefur fylgt á yfirborði munanna, líkt og búast má við af japanskri list, en engu að síður er hana að finna undir yfirborði skreyttra keramikskála, málverka og textílverka.



Globe-leikhúsið í London.

Shakespeare að hætti Shakespeares

ÚTSETNING Globe-leikhússins í London á Þrettánda kvöldi Williams Shakespeares er nú á leikferð um Bandaríkin, en leikhúsið hefur í uppfærslum sínum leitast við að endurgera verk skáldsins eins og þau hefðu komið áhorfendum Elísabetartímans fyrir augu.

Útsetningar Globe-leikhússins hafa verið umdeildar allt frá því leikhúsið var opnað 1997. Þannig hefur flest er leikhúsinu við kemur verið dregið í efa, allt frá réttum stærðarhlutföllum þessa þaklausa leikhúss, stærð og staðsetningu súlnanna og sú almúgalega stemning sem reynt er að kalla fram meðal áhorfenda.

Þrettándakvöld er hins vegar vel þess virði að gera sér ferð í leikhús að mati gagnrýnanda *New York Times* sem segir fáa geta staðist töfra stykkisins í meðförum leikhópsins. Áhorfendum kunni að bregða í fyrstu að virða fyrir sér uppfærslu sem eingöngu er leikin af karlmönnum. Uppfærslan undir stjórn Tim Carroll, þar sem minnstu smáatriðum í búningagerð er m.a. fylgt nákvæmlega eftir, búi hins vegar yfir sönnum töfrum Shakespeare þar sem leikararnir njóti þess að leyfa hrynjandi texta skáldsins að njóta sín án þess svo mikið sem að reyna að herma eftir samtíma samræðum.

Rýmið eins og það leggur sig

MYNDLIST

Listasafn ASÍ

RÝMISINNSETNING
ANNA HALLIN OG ÓSK VILHJÁLMSDÓTTIR

Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13–17. Sýningu lýkur 2. nóvember.

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

RÝMISINNSETNING
BRYNDÍS SNÆBJÖRNSDÓTTIR OG MARK WILSON

Opið alla daga frá 10–17. Sýningu lýkur 2. nóvember.


Höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur

GJÖRNINGAR
HANNES LÁRUSSON
RAGNAR JÓNSSON

Framdir 25. október



Vögguvísur Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Marks Wilsons í Hafnarhúsinu.



Frá sýningu Óskar Vilhjálmsdóttur og Önnu Hallin.



Frá gjörningi Hannesar Lárussonar.

„VERÐANDI rými“ var heiti á ráðstefnu sem haldin var í ráðstefnusal höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur síðastliðinn laugardag á vegum Nýlistasafnsins og Reykjavíkurakademíunnar. Til umræðu var listrými, þ.e. hlutverk eða samspil rýmis, myndlistar og samfélags.

Síðan á 18. öld hafa verið hönnuð rými til að hýsa myndlist. Í erindi sínu talaði Ólafur Gíslason listfræðingur um þessi rými sem „gervi“ rými sem væru aðskilinð frá almenningi og jafnvel sjálfum raunveruleikanum. Nefndi hann hof Forn-Grikkja til viðmiðunar þar sem guðirnir, náttúran og manneskjan voru álitin óaðskiljanleg frá hvoru öðru. Athyglisverður rökstuðningur hjá Ólafi var dæmi um Madonnumynd sem hafði hangið í kirkju um aldir og fólk tilbeðið á hnjánum. Þegar myndin var svo sett á safn eða í hannað listrými þá varð sá ritúal fyrir bí og myndin glataði sínu upprunarlega gildi sökum þess eins að hafa verið færð úr einum stað til annars, eða úr einu rými til annars.

Eyja í rými

Hin móderníska hugmynd um listrými er „hlutlaust“ rými, hvítmálaðir veggir og „tómir“ salir sem myndlistin fyllir upp í. Þessi rými eru þó alls ekki hlutlaus heldur gefa þau okkur forskrift af því hvernig við eigum að nálgast listina og er forskriftin jafnvel ólík eftir því hvaða listrými maður heimsækir. Það væri t.d. einkennilegt að sjá sýningu á kitsch málverkum í Nýlistasafninu sem manni þykir sjálfsagt að sjá í Gallerí Fold. Að sama skapi væri einkennilegt að sjá „trash“ list í Fold sem eðlilegt er að sjá í Nýlistasafninu.

Um sýningu Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Marks Wilsons, „Vögguvísur“, í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, má einmitt segja að rýmið gefi manni nálgun við verkið, ekki aðeins vegna þess að þau vinna inn í rýmið heldur líka vegna þess að þótt innsetningin sé að hluta áþekk og við sjáum í náttúrgripasöfnum eða sögusöfnum þá má gera ráð fyrir því að hún hafi aðra meiningu en sýning í þess háttar húsum. Þungamiðja sýningarinnar er uppstilling á grasbala, þar er lokað hengirúm sem gefur til kynna að einhver liggi þar og hvílist og umhverfis hengirúmið eru uppstoppuð dýr, s.s. refur, hagamús, hrafn o.s.frv. Að auki eru tvær ljósmyndir í ljósaboxi, myndband og á einum veggnum birtast dagbókatextar. Manni verður fljótt ljóst að um ferðalag sé að ræða sem listamennirnir vilja miðla til sýningargestsins. Þessi „náttúru“-uppstilling verður samt óhjákvæmilega óraunveruleg í sýningarsalnum og virkar frekar sem sviðsetning en innsetning. Það má þó vel lesa í verkið og vissulega hefur það áhrif þannig, en sem innsetning er rýmið ekki tekið fyllilega með í leikinn og uppstillingin eða sviðsetningin verður sem eyja í rýminu. Þannig upplifði ég allavega sýninguna, eða réttara sagt sjálfan mig með verkinu í rýminu. Og svo ég vitni nú í erindi Halldórs Gíslasonar arkítekts þá er það ég, maðurinn, sem skapa til rýmið sem ég gengi í.

Rýmið sem fór út fyrir sig

Í sínu erindi gekk Halldór, líkt og Ólafur Gíslason, út frá þeim kenningum Heideggers að rými sé ekki til fyrr en maðurinn kemur inn í það. Halldór fjallaði annars vegar um hið afmarkaða klassíska rými og hins vegar um atburðar-rými (Event Space) þar sem listamaðurinn sjálfur tekur sér opinbert eða almennt rými og gerir það að listrými.

Listakonurnar Anna Hallin og Ósk Vilhjálmsdóttir voru einnig með framsögu á ráðstefnunni og kynntu verkefni sitt „Inn og út um gluggann“ sem um þessar mundir er til sýnis í Listasafni ASÍ. Hafa þær tekið „hlutlaust“ listrými Ásmundarsalarins og fært það í atburðarrými með því að smíða módel af salnum, smækkaða eftirlíkingu, og komið því fyrir á ólíkum stöðum, s.s. kaffihúsi, súpermarkaði, spítala, húsdýragarðinum o.s.frv. Það má með sanni segja að listakonurnar vinni vel með rýmið og kanni möguleika þess ítarlega. Tóku þær ferðalagið upp á myndband út frá sjónarhorni listrýmisins og þess á milli stilltu þær ýmsum hlutum inn í rýmið og mynduðu. Smáir hlutir urðu því stórir í samanburði við smækkað rými.

Til þess að sýna svo myndskeiðið hafa þær Ósk og Anna smíðað annað rými í miðjum Ásmundarsalnum sem er bæði P-hús fyrir módelið og sýningarrými sem tekur tvo í sæti. Hér er því komið „hlutlaust“ listrými inni í Ásmundarsal sem ekki getur talist hlutlaus lengur þar sem hann er sjálfur kominn í aðalhlutverk, lifandi að skoða sig um í samfélaginu.

Rýmið sem sást ekki

Jonathan Dronsfield, heimspekingur og sýningarstjóri, sem flutti síðasta erindið á ráðstefnunni talaði einmitt um hið „hlutlausa“ rými sem fer út fyrir sig, eins og Ásmundarsalur gerir með hjálp Óskar og Önnu, til þess að varpa nýju ljósi á raunveruleikann. Til samlíkingar notaði hann abstraktlistina sem skilgreind er „hlutlaus“ og er það sú forskrift sem okkur er gefin þegar við skoðum abstraktlistaverk. Samkvæmt Dronsfield blindar abstraktlistamaðurinn sig fyrir því sem hann sér í þeim tilgangi að geta svo séð á nýjan máta. Erindi hans var því í mótsögn við erindi Ólafs Gíslasonar og gekk hann út frá því að allt rými væri það sama, að ekkert væri meira gervi en annað og að listrými væri alls ekki skilið frá raunveruleikanum.

Tilviljunarkenndur stuðningur við framsögu Dronsfields var uppákoma Ragnars Jónssonar, myndlistarnema á þriðja ári LHÍ, sem framdi gjörning í Orkuveitunni skömmu áður en fyrirlesarinn fór í púlt. Ragnar blindaði sig í bókstaflegri merkingu með því að loka sig inni í hvítum kassa sem hafði gat á öllum hliðum þar sem hann gat troðið höndunum út og málað abstraktmynd á kassann að utanverðu. Einungis áhorfendur sáu því myndsköpunina en ekki sjálfur myndlistarmaðurinn. Þetta var vel útfærður gjörningur hjá þessum unga listamanni, einfaldur og í góðu samræmi við umræðuna sem var í gangi.

Gulrótarrýmið

Hápunktur þessara vangaveltna um rými var þó gjörningur Hannesar Lárussonar sem stóð yfir frá upphafi til enda ráðstefnunnar. Eins og Ragnar þá var Hannes blindur á það sem var fyrir utan rýmið. Hann lokaði sig af í litlu rými, opnu að ofan, sem var hannað við innganginn í ráðstefnusalinn. Ráðstefnugestir gátu gengið undir þessa litlu byggingu og horft upp þar sem listamaðurinn gekk fram og til baka á gegnsæju gólfi. Undir iljunum hafði hann myndir af gulrótum máluðum á svampa, en táknmynd gulrótar segir sig sjálft, það sem lokkar eða hvetur áfram. Á höfðinu bar listamaðurinn upptökuvél, umvafða taui eins og túrban, sem hann þurfti að rétta af í tíma og ótíma. Skammt frá var svo sjónvarp sem sýndi „live“ upptökuna af arkítektúr eða hönnuðu rými höfuðstöðva orkuveitunnar og hljóðið við myndbandið var fótatökin og marrið sem glumdi oft nokkuð hátt inn í ráðstefnusalinn og fór því aldrei framhjá ráðstefnugestum að gerningurinn ætti sér stað þótt þeir væru uppteknir við annað. Maður vissi allan tímann af Hannesi innilokuðum í lítilli kytru, fann jafnvel til með honum eða pirraðist út í hann eftir að hafa hlustað á hann þramma fram og til baka í 7 klst. Allan tímann var listamaðurinn samt að vísa á rýmið fyrir utan, þ.e. rýmið sem ráðstefnugestirnir voru í, með hljóði, mynd og auðvitað athöfn.

Fyrir mitt leyti þá var gjörningur Hannesar Lárussonar það eftirminnilegasta á ráðstefnunni. Hann gaf engin svör um listrýmið en opnaði möguleika þess og fyllti mann af spurningum. Sama má reyndar segja um sýningu Óskar og Önnu og svo ég vitni aftur í Jonathan Dronsfield, sem sagði „List getur aldrei svarað eigin spurningum, hún heldur áfram að vera spurning“. Má segja að sú hafi líka verið niðurstaðan á ráðstefnunni hvað viðkemur listrýminu.

Jón B.K. Ransu